

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun skv. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, til báta, sem stunda veiðar á innfjarðarækju.

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í rækju á innfjarðasvæðum þ.m.t. Eldeyjarsvæði á fiskveiðiarinu 1998/1999, skal á fiskveiðiarinu 1999/2000 úthluta aflamarki sem nemur samtals 2.071 þorskígildum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju.

2. gr.

Skulu uppbætur miðast við, að skerðingin miðað við áætlaðan leyfilegan heildarafla verði ekki meiri en 30% talið frá meðalafla rækjuvertíðanna 1992/1993 - 1997/1998. Ekki skal koma til uppbóta samkvæmt reglugerð þessari hafi meðaltalsaflamark báta í innfjarðarækju á einstökum svæðum verið 52,5 lestir eða herra á fiskveiðiarinu 1998/1999.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún var 1. júlí 1999. Uppbæturnar skuli skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum og verðmætastuðla.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um greiðslu gjalds til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins fiskveiðiaríð 1999/2000.

1. gr.

Útgerðir íslenskra fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1999 skv. lögum um stjórn fiskveiða og útgerðir fiskiskipa sem fá úthlutað aflamark á grundvelli laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Útgerðir fiskiskipa er fá úthlutað aflamarki 1. september 1999 skulu greiða gjald er nemur 1.225 krónum á hverja úthlutaða þorskígildislest miðað við þorskígildisstuðla skv. 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; þann 1. september 1999, 1. janúar 2000 og 1. maí 2000. Útgerð fiskiskips er fær úthlutað aflamarki á öðrum tíma innan fiskveiðiarísins skal greiða jafnhátt gjald vegna þess aflamarks. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fellur 1/3 hluti gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu skiptast jafnt á tvo seinni gjalddaga eins og þeir eru tilgreindir í 2. málslíð þessarar greinar.